

Mál nr. 259/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar

Umferðaróhapp á Skúlagötu í Reykjavík við útkevrslu frá bílageymslu þann 17.7.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.11.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning ökumanns A ásamt framburði vitnis og afstöðuteikningu.
4. Skýrsla vátryggingartaka og dóttur þeirra.
5. Bréf X, dags. 4.11., 13.11. og 16.12.2002.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið frá bifreiðageymslu að Klapparstíg 7 áleiðis út á Skúlagötu í námunda við Björnsbakarí. Í sömu svifum kom 12 ára gömul stúlka, S, á reiðhjólí eftir gangstétt meðfram Skúlagötu á leið til austurs. Lenti reiðhjólíð aftarlega á vinstri hlið A.

Í tjónstilkynningu ökumanns A kemur fram að bifreiðin hafi verið kyrrstæð fyrir framan dyr bifreiðageymslunnar, þegar S hafi komið hjólandi eftir gangstéttinni og lent á hlið A. S hafi ekki verið að horfa fram fyrir sig, þegar óhappið varð.

Í skýrslu vitnis, sem var farþegi í A, segir að ökumaður A hafi stöðvað bifreiðina fyrir framan dyr bifreiðageymslunnar til að loka dyrunum. Þá hafi S komið hjólandi og lent á afturhurð A. Hún hafi verið að horfa aftur fyrir sig og verið að fylgjast með litlum dreng sem var í fylgd hennar á öðru hjóli. S hafi ekki séð A þótt vitnið hafi æpt upp og sökum þess hversu hratt hún hjólaði náði hún ekki að stöðva.

Í skýrslu foreldra S, sem einnig er undirrituð af henni, segir að S hafi verið að hjóla eftir gangstétt við Björnsbakarí. Hún hafi litið aftur fyrir sig og er hún leit aftur fram fyrir sig hafi A komið akandi út úr bifreiðageymslunni og yfir gangstéttina. S hafi ekki náð að hemla hjólinu og lenti á vinstri hlið A, en A hafi numið staðið eftir að S lenti á henni.

Álit.

Óumdeilt er að S leit aftur fyrir sig rétt áður en hún rakst á A. Ökumaður A og vitni í bifreiðinni bera að A hafi verið kyrrstæð einhverju áður en óhappið varð. Verður að leggja það til grundvallar við sakarmat. S var tæplega 13 ára gömul. Hún hafði litið aftur fyrir sig og varð ekki vör við A fyrr en í óefni var komið. Hún sýndi ekki næga aðgæslu er hún hjólaði eftir gangstéttinni í umrætt sinn. Verður hún talin eiga sök á því tjóni sem varð á A. Eins og mál þetta liggur fyrir eru ekki næg efni til að leggja meðábyrgð á ökumann A.

Niðurstaða.

S ber ábyrgð á tjóni sem varð á A.

Reykjavík, 14. janúar 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.